

Nd.

1137. Nefndarálit

[431. mál]

um frv. til laga um virðisaukaskatt.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar er andvígur þessu frumvarpi og færir fyrir þeirri afstöðu eftirfarandi röksemdir:

1. Með virðisaukaskatti í þeirri gerð sem frumvarp ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir yrði festur í sessi hinn illræmdi matarskattur, þ.e. lagður yrði skattur á matvæli og aðrar brýnustu nauðsynjar fólks, en slíkar vörur eru víðast annars staðar annaðhvort með öllu undanþegnar slíkum skatti eða mjög lágt skattlagðar.
2. Sú ákvörðun að leggja VASK-inn á í einu þrepi útilokar þann möguleika að flokka vörur og þjónustu með tilliti til mikilvægis fyrir almenning. Víða eru matvæli, barnavörur og fleira því um líkt ásamt vissum greinum þjónustu skattlagt vægt, með lægra þrepi en annað. Það er sú stefna sem tekin hefur verið innan EB að samræma virðisaukaskatt í tvö þrep. Það er skoðun minni hl. að athuga hefði átt þennan kost vandlega og það séu mistök að hafna honum að því er virðist umhugsunarlaust með þeim köldu röksemdum að eitt þrep sé einfaldast. Augljós réttlætis- og sanngirnissjónarmið mæla með því að hafa þrepin frekar tvö, sbr. ofangreint.
3. Enginn vafi er á því að upptaka virðisaukaskatts hefur í för með sér stórauðna skriffinnsku og veldur auknum tilkostnaði og fyrirhöfn bæði fyrir hið opinbera og ekki síður atvinnulífið. Mikil fjölgun verður í hópi þeirra sem gera skil til yfirvalda og eru þar bændur og ýmsir einyrkjar í atvinnulífi svo og smáfyrirtæki uppistaðan. Hætt er við að ýmsum í þessum hópi veitist erfitt án utanaðkomandi aðstoðar að bæta VASK-arínu á sig.
4. Ófullnægjandi rök hafa að mati minni hl. verið færð fyrir því að virðisaukaskattur sé það lausnarorð í sambandi við skattsvik sem ýmsir vilja vera láta. Benda má á að samkvæmt skattsvikaskýrslunni er umfang duldrar atvinnustarfsemi að því er virðist svipað í nágrannalöndunum og hér og hafa þó grannar okkar flestir notað virðisaukaskatt um langt árabíl. Nótulaus viðskipti virðast hafa verið minni hér samkvæmt sömu heimild en

annars staðar á Norðurlöndum. Aðilar úr byggingariðnaði hafa einnig bent á að veruleg hættu geti verið á því að VASK-urinn auki skattsvik í þeirra greinum eins og hann er hugsaður í þessu frumvarpi.

5. Með frumvarpinu, eins og það liggur fyrir, er ætlunin að leggja 22% skatt á ýmsa menningarstarfsemi sem áður var undanþegin söluskatti. Þannig hefur aðgangseyrir að leiksýningum, tónleikum og því um líku verið undanþeginn söluskatti um árabíl, en nú opinbera ríkisstjórnarflokkarnir menningarfjandskap sinn með því að setja lög um virðisaukaskatt á menninguna. Áfram á að skattleggja bókaútgáfu að fullu, meðan tímarit og blöð eru að hluta eða öllu leyti undanskilin, svo ekki sé nú minnst á starfsemi hljóðvarps og sjónvarps sem skal vera með öllu undanþegin hvort sem þar heyrir talað íslenskt orð eða ekki.
6. Með virðisaukaskattinum er ætlunin að festa endanlega í sessi fulla skattheimtu af íslenskum landbúnaðarvörum eins og öðrum matvælum. Þetta er gert jafnvel þótt ljóst sé að niðurgreiðslur á vöruverði séu umdeild ráðstöfun, sem slagur stendur um á hverju ári, og því líklegt að virðisaukaskattur muni fyrir eða síðar koma fram í vöruverðinu að fullu þegar niðurgreiðslur lækka. Verðlag þeirra vara er það hátt að þær mega engan veginn við slíku áfalli og er því hætt við að þær láti enn undan síga í samkeppninni við aðrar og oft á tíðum óhollari vörur. Hér er því í raun og veru á ferðinni enn eitt stóráfallið fyrir íslenskan landbúnað og matvælaframleiðslu til innanlandsnota og er þó nóg komið.
7. Stjórnarliðar hafa samþykkt að ætlunin sé að sérstök nefnd starfi í sumar að því að endurskoða lög. Þannig er viðurkennt í reynd, jafnvel áður en frumvarpið verður að lögum, að það er illa undirbúin hrákasmíð. Nefndarskipan stjórnarliða má með réttu kalla *ruslakistuafgreiðsluáðferðina*, ef fyrirgefnalegt er að nota svo langt orð því að öllum álitamálum og ágreiningsefnum er umsvifalaust sópað út af borðinu með þeim orðum að þetta verði athugað í „nefndinni“. Má í því sambandi nefna úrslitaatriði eins og skattlagningu húsbýgginga.

Það er engin tilviljun að allir fulltrúar samtaka launafólks og aðalfundur Stéttarsambands bænda sl. haust hafa eindregið lagst gegn virðisaukaskatti. Óbeinn skattur með einni flatrí prósentu snýr óumdeilanlega þyngri hliðinni niður, eins og hagfræðingur ASÍ orðaði það, í þeirri mynd sem hann nú er. Skatturinn verður óhagstæður hinum almenna launamanni og er í reynd reiðarslag fyrir landbúnaðinn.

Að öllu þessu samanlögðu telur minni hl. að þó núverandi söluskattskerfi sé gallað séu það ekki nægjanleg rök fyrir því að ráðast í upptöku virðisaukaskatts og alls ekki í þessari mynd. Frumvarpið er gallað og illa undirbúið. Það yrði stóráfall fyrir íslenska menningu og íslenskan landbúnað og mundi reynast þungt í skauti hinum íslenska launamanni. Þess vegna leggur minni hl. nefndarinnar til að frumvarp þetta verði fellt.

Með nefndarálini þessu eru birt sem sýnishorn nokkur af þeim bréfum sem borist hafa frá fjölmörgum aðilum tengdum menningarstarfsemi, listum, bókaútgáfu o.fl. þar sem virðisaukaskattinum er mótmælt.

Alþingi, 10. maí 1988.

Steingrímur J. Sigfússon,
frsm.

Þórhildur Þorleifsdóttir.

Fylgiskjal I.

Bréf Alþýðuleikhússins til fjárhags- og viðskiptanefnda Alþingis.

Leikhúsráð Alþýðuleikhússins lýsir áhyggjum sínum vegna þeirra áforma ríkisstjórnarinnar sem birtast í frumvarpi til laga um virðisaukaskatti, að taka upp skattlagningu á leiksýningar og aðra hliðstæða listastarfsemi.

Alþýðuleikhúsið hefur nú starfað við erfiðar og stundum óviðunandi aðstæður í 13 ár en samt sem áður tekist að halda lífi vegna þess að aðstandendur þess hafa að meira eða minna leyti gefið vinnu sína. Ef þessi fyrirhugaða skattlagning yrði að veruleika yrði það grafskrift Alþýðuleikhússins sem og margra annarra smærri atvinnuleikhópa.

Í fyrsta sinn í ár reyndi leikhúsið að greiða einhver lágmarksæfingalaun, en engin laun fyrir sýningar. Samt sem áður er útkoman sú sem meðfylgjandi dæmi sýnir:

**Tveir einþáttungar eftir Harold Pinter:
Kveðjuskál og Eins konar Alaska, sýndir í Hlaðvarpanum sl. vetur.
(Upphæðir í kr.)**

Aðgangseyrir	1 037 000
Leikskrá	50 000

Áhorfendafjöldi u.þ.b. 1060

Kostnaður:

Laun (leikstjórn, leikmynd, búningar ljósaönnun, æfingalaun)	1 495 222
Auglýsingar	455 732
Húsaleiga og annar kostnaður	430 000
Kostnaður alls	<hr/> 2 380 954
Mismunur/tap	<hr/> 1 293 954

Það segir sig sjálft að ef 22% virðisaukaskattur kæmi ofan á þessar tölur yrði beinlínis tekin af viðkomandi listamönnum þau litlu laun sem þeir þó hafa fengið.

Leikhúsráð Alþýðuleikhússins skorar því eindregið á ráðherra menntamála og fjármála svo og aðra alþingismenn að koma í veg fyrir þessa fyrirhuguðu skattlagningu.

Arnar Jónsson.

Fylgiskjal II.

Ályktun stjórnar Leikfélags Reykjavíkur um virðisaukaskatt á leiksýningar. (6. maí 1988.)

Stjórn Leikfélags Reykjavíkur lýsir áhyggjum sínum vegna frumvarps ríkisstjórnarinnar um virðisaukaskatt sem gerir ráð fyrir skattlagningu á aðgöngumiða leikhúsa.

Vert er að minnst þess að á sínum tíma var innheimtur söluskattur af aðgöngumiðasölu á leiksýningar sem olli því að Leikfélag Reykjavíkur skilaði meira fé í ríkissjóð í formi söluskatts en sem nam ríkisstyrk þeim sem leikhúsið fékk til starfsemi sinnar.

Eftir áralanga baráttu tókst að létta þessu oki af leiklistarstarfseminni sem þótti merkur áfangi og bera vott um vaxandi skilning stjórnvalda á þýðingu lista og menningar í landinu. Varla er hægt að hugsa sér að stjórnvöld gætu stigið háskalegra skref til öfugþróunar en það að leggja nú á þessa starfsemi virðisaukaskatt.

Til að mæta síhækkandi útgjöldum af leikhúsrekstri hefur fátt annað verið til ráða en hækka aðgöngumiðaverð sem er nú þegar orðið það hátt að ástæða er til að óttast að það geti dregið úr leikhúsaðsókn. Leikfélag Reykjavíkur hefur nokkur undanfarin ár neyðst til að hafa miðaverð hærra en stjórnvöld hafa heimilað Þjóðleikhúsinu. Hætt er við að frekari hækkun á miðaverði kæmi verst við þá efnaminni og það yrði þá munaður þeirra efnameiri að sækja leiksýningar. Þarf ekki að hafa mörg orð um hvílk öfugþróun það yrði í íslensku leiklistar- og menningarlífi.

Leikfélag Reykjavíkur stendur nú á tímamótum og væntir þess að háttvirtir alþingismenn séu fremur tilbúnir til að styðja félagið í þeim átökum sem fram undan eru með tilkomu Borgarleikhúss en að stefna starfseminni í voða með umræddri skattlagningu. Við skorum á ráðherra og aðra alþingismenn að koma í veg fyrir þessa skattlagningu.

Hallmar Sigurðsson
leikhússtjóri.

Fylgiskjal III.

Bréf frá Félagi íslenskra leikara. (9. maí 1988.)

Fundur leiklistarfólks á vegum Félags íslenskra leikara mótmælir fyrirhuguðu frumvarpi um virðisaukaskatt sem gert er ráð fyrir að leggist á aðgöngumiðaverð að öllum óperu- og leiksýningum í landinu. Það er hneisa að ríkisstjórnin skuli með þessum hætti stuðla að menningarlegri stéttaskiptingu. Fyrirséð er að afleiðingin verður hækkun aðgöngumiðaverðs.

Vegna ónógs fjárstuðnings opinberra aðila við þessa starfsemi hafa listamenn nú áhyggjur af því að aðgöngumiðaverð sé þegar farið að útiloka þá efnaminni frá þeim sjálfsgöðu mannréttindum að njóta lista.

Við skorum á alþingismenn þjóðarinnar að forða því menningarsögulega slysi sem nú blasir við verði þetta frumvarp samþykkt óbreytt.

Fylgiskjal IV.

**Bréf frá Félagi ísl. bókaútgefenda
til Steingríms J. Sigfússonar alþingismanns.
(6. maí 1988.)**

Félag ísl. bókaútgefenda hefur á undanförunum árum barist fyrir niðurfellingu söluskatts á bókum. Í viðræðum við stjórnvöld í fyrra kom fram að virðisaukaskattur tæki við af söluskatti á næsta ári og frá þeim skatti yrðu engar undanþágur gefnar. Því sjónarmiði taldi stjórn Félags ísl. bókaútgefenda sig verða að lúta.

Nú hefur það hins vegar gerst að í stjórnarfrumvarpi um virðisaukaskatt er gerð undanþága varðandi dagblöð og sambærileg landsmála- og héraðsfréttablöð. Þá hefur efri deild Alþingis samþykkt, að tillögu fjárhags- og viðskiptanefndar deildarinnar, að sala tímarita verði einnig undanþegin þessum skatti.

Með tilliti til þessarar breyttu stefnu er stjórn Félags ísl. bókaútgefenda þeirrar skoðunar að fullkomlega óeðlilegt sé að bókaútgáfan sitji ekki við sama borð og önnur útgáfustarfsemi í landinu hvað þetta varðar, enda verði að teljast fráleitt að bóklestur sé skattlagður umfram lestur annars prentaðs máls. Verði ekki einnig veitt undanþága frá virðisaukaskatti af sölu bóka gefur auga leið að með því mun Alþingi hefta tjáningarfrelsi í bókum með sérstakri skattlagningu sem ekki nær til blaða og tímarita.

Eyjólfur Sigurðsson
formaður.

Fylgiskjal V.

**Bréf frá Rithöfundasambandi Íslands
til fjárhags- og viðskiptanefnda Alþingis.
(5. maí 1988.)**

Rithöfundasamband Íslands beinir þeim eindregnu tilmælum til fjárhags- og viðskiptanefnda beggja deild Alþingis sem og allra þingmanna að bækur á íslensku verði undanþegnar virðisaukaskatti.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um nauðsyn þess fyrir íslenska þjóðmenningu að einhver starfsgrundvöllur sé fyrir bókritun, útgáfu, framleiðslu og sölu bóka; öllum er þessi nauðsyn vonandi ljós.

Pegar nú er áformað að sala á blöðum og tímaritum verði undanþegin virðisaukaskatti getum við ekki kallað það neitt annað en eftirminnilegt reginhneyksli ef bókum á íslensku verða ekki tryggð sömu skilyrði og öðrum prentmiðlum. Þetta er alvarlegt mál fyrir alla þá sem tengjast bókaframleiðslu og dreifingu (en það eru nokkur þúsund manns sem hafa af því atvinnu) og að sjálfsögðu fyrir íslenska bókmenningu, kjölfestu íslenskrar þjóðmenningar.

Sigurður Pálsson
formaður.

Fylgiskjal VI.

Bréf og umsögn frá Bókasambandi Íslands til formanns fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar Alþingis. (6. maí 1988.)

Ágæti formaður.

Hjálagt sendi ég þér áskorun frá stjórn Bókasambands Íslands þess efnis að bækur verði undanþegnar virðisaukaskatti eins og blöð og tímarit.

Þetta er þýðingarmikið mál á margan hátt og ef það nær ekki fram að ganga verður ríkjandi fráleitt ósamræmi varðandi skattlagningu prentaðs máls hér á landi. Þjóðinni yrði þá gert að greiða fullan virðisaukaskatt af hugverkum sem miðlað væri í bókarformi en sama efni yrði skattlaust ef það birtist í öðrum fjölmiðlum. Ljóð í bók væri skattlagt en ljóðs, sem birtist í blaði eða tímariti, gætu lesendur notið án skattlagningar. Þetta ætti þá einnig við um sögur, greinar, frásagnir, viðtöl og annað lesefni. Efni um sögu og menningu þjóðarinnar yrði skattlagt í íslenskum bókum, sömuleiðis fræðilegar uppgötvanir eða nýjar kenningar. Allt yrði þetta háð 22% skattheimtu ríkisins.

Samkvæmt núverandi gerð frumvarps um virðisaukaskatt yrði þetta sama efni selt landsmönnum á síðum dagblaða og tímarita án virðisaukaskatts. Öllu þessu efni væri eins hægt að miðla um útvarp eða sjónvarp og á þeim vettvangi væri það einnig skattlaust þar sem afnotagiöld þeirra fjölmiðla eru undanþegin virðisaukaskatti.

Við, sem berum hag bókarinnar fyrir brjósti, vonumst til þess að þið sem sæti eigið í fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar áttíð ykkur á hve mikið sanngirnismál hér er um að ræða. Þetta er ekki einungis mál útgefenda, bóksala, prentsmiðjueigenda, bókagerðarmanna og rithöfunda heldur hljóta landsmenn allir að eiga jafn mikinn rétt á að njóta íslensks efnis í hvaða miðli sem er án þess að þurfa að greiða skatt af því. Bækur mega hér ekki verða sér á báti. Ekkert réttlætir að texti í þeim sé skattlagður þegar annað lesefni þjóðarinnar er án virðisaukaskatts.

Ólafur Ragnarsson
formaður.

Stjórn Bókasambands Íslands:

ALLT LESEFNI VERÐI UNÐANÞEGIÐ VIRÐISAUKASKATTI (6. maí 1988.)

Í stjórnarfrumvarpi um virðisaukaskatt sem nú er til meðferðar á Alþingi er gert ráð fyrir að sala dagblaða og sambærilegra landsmála- og héraðsfréttablaða verði undanþegin virðisaukaskatti þegar sú nýja skattheimta kemur til framkvæmda. Sömuleiðis er þar miðað við að tímarit á erlendum tungumálum sem erlendir útgefendur sendi til áskrifenda hér á landi verði án þessa nýja skatts.

Þá hefur efri deild Alþingis nú samþykkt breytingartillögu meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar deildarinnar þess efnis að sala á íslenskum tímaritum verði undanþegin virðisaukaskatti.

Loks hefur sú breyting verið gerð á frumvarpinu í meðförum deildarinnar að afnotagjöld útvarps- og sjónvarpsstöðva skuli ekki teljast til skattskyldrar veltu.

Þegar svo er komið fær stjórn Bókasambands Íslands ekki orða bundist og lýsir furðu sinni á því að efri deild Alþingis skuli skilja bækur einar fjölmiðla eftir skattlagðar. Er því farið fram á það við neðri deild að grípa til sinna ráða og setja bækur við sama borð og önnur form prentmiðlunar og halda þeim utan þessarar skattheimtu. Ekki verða fundin nein skynsamleg rök fyrir því að sumt lesefni sé skattlagt en annað ekki og yrði það undarlegt öfugmæli að kjörnir fulltrúar bókaþjóðarinnar létu þessa nýju skattheimtuáðferð einungis bitna á þeim sem kaupa sér lesefni í bókaformi en slíkur lestrarskattur yrði ekki lagður á texta í blöðum og tímaritum.

Stjórn Bókasambands Ísland skorar á þá þingmenn er sæti eiga í fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar að sýna sanngirni og réttýni í þessu máli og flytja breytingartillögu við áður nefnt frumvarp þess efnis að bækur á íslensku njóti undanþágu frá virðisaukaskatti eins og aðrir prentmiðlar. Fari svo að nefndin telji sér ekki fært að flytja breytingartillögu við frumvarpið til þess að tefja ekki afgreiðslu þess leggur Bókasamband Íslands ríka áherslu á að hún lýsti stuðningi sínum við skattleysi bóka í nefndarátliti sínu og setji málið á verkefnalista millipinganefndar sem fjallar um virðisaukaskatt til hausts. Sú nefnd gæti þá flutt breytingartillögu um málið þegar hún leggur niðurstöður sínar fyrir Alþingi á komandi hausti.

Hér er ekki farið fram á að bækur njóti forréttinda umfram aðra miðla þvert á móti er einungis farið fram á að sá menningarmiðill, sem þjóðin hefur löngum kennt sig við, njóti jafnstöðu í skattamálum gagnvart annarri útgáfu prentaðs máls og miðlun efnis á öldum ljósvakans.

Fylgiskjal VII.

Umsögn Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna um frumvarp til laga um virðisaukaskatt. (Send fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar Alþingis.)

Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um virðisaukaskatt.

Áhrif þessa frumvarps má skoða í ljósi efnahags- og félagslegra afleiðinga eftir því sem þær verða greindar á þessu stigi málsins. Hin efnahagslegu áhrif slíkrar lagabreytingar tengjast í fyrsta lagi efnahagslegri uppbyggingu landsins, í öðru lagi verðlagi, í þriðja lagi launum og kaupmætti og í fjórða lagi skattstefnu.

Jöfnun á stöðu atvinnuvega.

Líklegt er að virðisaukaskattur sem slíkur og einkum ef hann er útfærður með einni skattprósentu muni jafna stöðu milli innlendrar iðnaðarframleiðslu og frumframleiðslu-greinanna í skattalegu tilliti. Þessi áhrif telur BHMR jákvæð.

Áhrif á verðlag og kaupmátt heimilanna.

Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er talið að 22% virðisaukaskattur muni lækka verðlag miðað við núgildandi söluskattslöggjöf. BHMR treystir sér ekki til að leggja

efnislegt mat á þessa áætlun. Endanleg verðlagsáhrif hljóta m.a. að fara eftir virkni kerfisins og raunverulegri skattheimtu. Samkvæmt þessu verður hér ekki fullyrt neitt um áhrif á kaupmátt launatekna. Hins vegar telur BHMR þá hækkun á söluskatti sem gerð var á síðasta ári meiri háttar mistök, sem hefur rýrt mikið kaupmátt heimila launamanna, einkum opinberra starfsmanna og þeirra sem eru á kaupþöxtum á almennum markaði. Virðisauka-skattsfrumvarpið heldur áfram á þessari braut.

Skattstefnan.

Skattstefnan sem felst í þessari kerfisbreytingu er beint framhald af þeirri einföldun sem gerð hefur verið á tekjuskattslögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Enn fremur er þessi breyting í beinu framahaldi af breytingu á söluskattkerfinu á fyrra ári. BHMR telur að með þessum skattkerfisbreytingum sé stigið mikilvægt skref í átt til einföldunar á skattkerfi sem getur leitt af sér betra réttarfar í skattamálum einstaklinga og fyrirtækja. Réttlætingin á slíkri breytingu byggir á því að lagabreyting leiði til skilvirkara skattheimtukerfis og uppfylli eðlilega sanngirnismælikvarða.

BHMR telur að söluskattsbreytingin á fyrra ári sem gerðist án mikilla hækkana á bótagreiðslum til barnafjölskyldna eða auknum niðurgreiðslum á matvöru hafi verið félagslega mjög neikvæð aðgerð. Einföldun á skattkerfi af þessu tagi grundvallast á mjög öflugum bótagreiðslukerfi til heimilanna líkt og gerist t.d. í Svíþjóð. Í því samhengi er einnig mikilvægt að tryggja að skattkerfi og kerfi heimilsbóta setji ekki almennt launafólk í stöðu þiggjenda samfélagsölmusu.

BHMR minnir einnig á að enn vantar endurskoðun á skattkerfi fyrirtækja og fjármagnseigenda sem einfaldar skattheimtu á þeim og fellir niður alla frádrætti og skattundankomuleiðir á sama hátt og gert hefur verið hjá launafólki. BHMR telur sköttun á launatekjur vera sérsköttun á launamenn. Skattkerfisbreytingarnar hingað til virðast allar miða að því að auka innheimtu þar sem það er auðveldast, þ.e. hjá opinberum starfsmönnum og almennum neytendum matvöru sem ekki stunda rekstur af einhverju tagi.

Það vekur þó athygli að stór hluti skattanna er í formi virðisaukaskatts. Það virðist augljóslega óþörf áhætta að hafa svo stóra hluta tekjuöflunarkerfis ríkisins háðan þessu formi skattheimtu.

Framkvæmt skattkerfis.

BHMR dregur í efa að virkni þessa skattkerfis verði sem áætlað er. Launastefna ríkisins laðar ekki að þann mikla fjölda nýrra og hæfra starfsmanna sem framkvæmd kerfisins byggir á. Virðisaukaskattkerfið mun leiða til mikillar fjölgunar á gjaldendum, mörgum hverjum illa búnum til að taka við því, og það mun fela í sér þörf fyrir mjög aukinn mannafla við bókhald fyrirtækja, við eftirlit með bókhaldi og skattauppgjöri fyrirtækja og auka verulega heildareftirlitskostnað ríkisins. BHMR dregur í efa að unnt verði miðað við launakerfi ríkisstarfsmanna í dag að manna nauðsynlegar stöður í þessu sambandi. BHMR telur að fjármálaráðherra hafi einnig efasemdir um virkni kerfisins, þar sem hann áætlað að 22% skatt þurfi til að ná óbreyttri innheimtu.

Niðurstöður BHMR eru því eftirfarandi:

1. Einföldun á skattkerfi sem skapar meiri réttarvissu og rökréttara skattkerfi er af hinu góða.
2. Með virðisaukaskatti er afnumin margsköttun á sömu vöru og þjónustu sem BHMR telur einnig jákvæða breytingu.
3. Virðisaukaskattur jafnar skattalega stöðu hinna ýmsu greina efnahagsstarfseminnar sem einnig er heppilegt.
4. Skattaleg meðferð útflutningsgreina er auðveldari án þess að afstaða sé þar með tekin til þess hvort greinin sé skattlögð eða ekki.

5. Virðisaukaskattskerfið mun leiða til mikillar fjölgunar á gjaldendum, mörgum hverjum illa búnum til að taka við því, og það mun fela í sér þörf fyrir mjög aukinn mannafla við bókhald fyrirtækja.
 6. BHMR telur að skattkerfisbreytingin muni auka verulega heildareftirlitskostnað ríkisins. BHMR dregur í efa að unnt verði miðað við launakerfi ríkisstarfsmanna í dag að manna nauðsynlegar stöður í þessu sambandi.
 7. Torvelt — ef ekki ómögulegt — verður að hafa eftirlit með eigin neyslu eigenda fyrirtækja og launaígilda sem þeir kunna að greiða starfsmönnum sínum í formi vöru eða þjónustu.
 8. Þar sem keðjan frá framleiðanda til neytanda í íslensku hagkerfi er oft stutt aukast líkur á því að þessir aðilar dragi virðisaukaskatt undan með kerfisbundnum hætti.
 9. BHMR telur flestar undanþágur frá virðisaukaskatti skv. 2. gr. frumvarpsins eðlilegar nema fólksflutninga skv. 6. tölul., en réttlætning þess virðist óljós.
 10. BHMR sér ástæðu til að taka fram að jákvæð afstaða Bandalagsins til einnar skattaprósentu í frumvarpinu byggir einkum á þeirri forsendu að félagslegum þörfum þegnanna verði mætt með hækkunum fjölskyldubótum og niðurgreiðslum.
- BHMR er þess vegna andvíg samþykkt þessa frumvarps eins og það liggur fyrir, einkanlega vegna efasemda um framkvæmd slíkra laga og neikvæðra félagslegra afleiðinga þess.

Fylgiskjal VIII.

Umsagnir Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um virðisaukaskatt.

I.

(18. des. 1986.)

Á fundi laganefndar Lögmannafélags Íslands 15. des. sl. var m.a. rætt um frumvarp til laga um virðisaukaskatt. Svofelld bókun var gerð:

„Nefndin vísar til fyrri ályktana stjórnar LMFÍ í tilefni af hugmyndum stjórnvalda um að leggja söluskatt á þjónustu lögmanna. Með sömu rökum er laganefnd andvíg því að leggja virðisaukaskatt á þjónustuna.

Verði frumvarpið samþykkt óbreytt telur laganefnd að þjónusta lögmanna muni í vaxandi mæli færast til fyrirtækja og stofnana er hafa lögmenn í föstu starfi, en sú þróun er til þess fallin að grafa undan sjálfstæði lögmannaáttarinnar sem er einn af hyrningarsteinum réttarfars hér á landi. Að öðru leyti hefur nefndin ekki haft aðstöðu til að fjalla almennt um frumvarpið en það er viðamikíð.“

Á fundi stjórnar félagsins í gær var eftirgreind bókun gerð:

„Stjórnin er sammála athugasemdum laganefndar um frumvarp til laga um virðisaukaskatt og telur rétt að kynna þær Alþingi án tafar ásamt afriti af bréfi félagsins til fjármálaráðherra frá 19. sept. 1985, enda mun af hálfu stjórnvalda stefnt að því að afgreiða umrætt frumvarp sem fyrst. Þá bendir stjórnin á að verði frumvarpið að lögum óbreytt hefði það óhjákvæmilega í för með sér verðhækkun á ýmsum nauðsynjavörum og algengri þjónustu. Kostnaður vegna aukinnar vinnu við bókhald og uppgjör leiddi til hækkunar á verði vöru og þjónustu til viðbótar við þá hækkun sem álagning virðisaukaskattsins hefði í för með sér.“

Þetta tilkynnist yður hér með. Hjálagt fylgir afrit af bréfi Lögmannafélags Íslands til fjármálaráðherra frá 19. sept. 1985.

Hafþór Ingi Jónsson
framkvæmdastjóri.

II.
(19. sept. 1985.)

Á fundi stjórnar Lögmannafélags Íslands í gær var svohljóðandi ályktun samþykkt:
„Í fréttum fjölmiðla hefur nú verið frá því greint að stjórnvöld hugi að tekjuöflun í ríkissjóð með því að gera starfandi lögmonnum að innheimta söluskatt af þjónustu sinni.

Af þessu tilefni bendir stjórn Lögmannafélags Íslands á að skattur þessi, ef lögleiddur yrði, myndi í ríkum mæli verða greiddur af fólki sem síður hefur bolmagn til að standa undir þungum skattgreiðslum heldur en aðrir. Má þar aðallega nefna til fólk sem ekki hefur getað staðið í skilum með greiðslur fjárfrafna sem á því hvíla. Umtalsverður hluti starfa lögmannna fer í að krefja slíkt fólk um greiðslur og fylgja kröfunum eftir fyrir dómstólum. Borgar það þá auðvitað jafnan allan vanskilakostnað, þar með talda lögmannsbókun. Liggur nærri að ætla að í því felist tvískinnungur að styðja þetta fólk fjárhagslega, svo sem gert hefur verið vegna erfiðleika þess, en skattleggja það svo einnig vegna hinna sömu erfiðleika.

Einnig skal bent á að allmikill hluti þeirra sem lögmennt þjóna er fólk, sem á við einhverja sérstaka erfiðleika að stríða, annaðhvort fjárhagsleg eða annars konar, og leitar einmitt til lögmanns vegna þeirra. Má þar nefna t.d. hjón sem eru að skilja, erfingja látins manns, slasað fólk o.fl. Þetta yrðu að stórum hluta skattgreiðendurnir ef fyrrgreindum hugmyndum yrði hrundið í framkvæmd.

Stjórn LMFÍ telur það skyldu sína að vekja athygli fjármálaráðherra á ofangreindum staðreyndum svo að hann megi sem gerst um fjalla.“

Þetta tilkynnist yður hér með, herra fjármálaráðherra.

Jón Steinar Gunnlaugsson
formaður.